



Minnisblað

9.4.2019

Tílefni

Grái dagar og frítt í Strætó með appmiða

Höfundur

Jóhannes Rúnarsson, Strætó bs.

SAMANTEKT

Strætó hóf að skoða á síðasta ári þann möguleika, sem hluti af markaðsátaki og stefnu Strætó í loftslagsmálum, að ýta undir notkun vistvæna samgöngumáta og slæm loftgæði, að bjóða frían dagspassa í greiðsluappinu þegar loftgæði á höfuðborgarsvæðinu stefndu í að fara yfir heilsufarsmörk. Fékk þetta heitið grái dagar. Hugmynd var síðan endanlega samþykkt í stjórn Strætó þann 11.1.2019. Samstarf var haft við heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Umhverfissráðaneytið, Veðurstofunnar og USK hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið var einnig kynnt fyrir fulltrúum annarra sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu.

Þann 8.4.2019 stefndi í gráan dag og var því auglýst og send út fréttatilkynning daginn fyrir, sunnudaginn 7.4. að frír dagspassi í appinu yrði sendur á alla þá sem hefðu náð í appið. Um 150.000 miðar voru sendir út.

Nýir notendur sem náðu í appið á sunnudeginum og mánudeginum voru 1846. Notendur appsins mánudaginn 8.4.2019 urðu 16.000 en venjulega eru þeir um 12.000. Fríi dagspassin var virkjaður 5.410 skipti á mánudeginum. Almennt ánægja var með þetta, en í einhverjum tilvikum misskildi einhverjir þetta átak og töldu að það væri almennt frítt í strætó þennan dag. Í átakanu var eingöngu gert ráð fyrir að þetta yrði í eitt skipti til tilraunar og síðan færi fram umræða innan stjórnar Strætó um næstu skref í þessu máli.